



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 21. janúar 2019

USK2019010062

5.4

Skipulags- og samgönguráð

Borgartún 12-14
105 REYKJAVÍK

Rafmagnsreiðhjól til útláns í Reykjavík - framhald tilraunaverkefnis

Í meðfylgjandi minnisblaði er að finna umfjöllun um bráðabirgðaniðurstöður tilraunaverkefnis um lán á rafmagnsreiðhjólum í Reykjavík árið 2018.

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar óskar eftir heimild skipulags- og samgönguráðs til þess að endurtaka tilraunaverkefni, sem samþykkt var af ráðinu þann 19. október 2017, um lán á rafmagnsreiðhjólum til borgarbúa sem var framkvæmt á tímabilinu 15. apríl – 15. nóvember 2018. Endurtekið verkefni yrði framkvæmt á tímabilinu 15. apríl – 1. október 2019 með sambærilegum hætti og gert var 2018. Áhugi fyrir verkefninu er mikill, um þúsund einstaklingar sóttu um þegar auglýst var eftir fólki til að taka þátt í rannsókninni 2018 og voru 125 valdir til þátttöku.

Áætlaður kostnaður við leigu á 25 rafmagnshjólum á tímabilinu, utanumhald verkefnisins, kannanir, úrvinnslu gagna og skýrslugerð er 9,5 m.kr. Verkefnið verði sem fyrr fjármagnað af Hjólreiðaáætlun Reykjavíkurborgar.

Þorsteinn R. Hermannsson
Samgöngustjóri